

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 159/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/514 frá 14. mars 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 3q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„- **32019 L 0514:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/514 frá 14. mars 2019 (Stjtið. ESB L 89, 29.3.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2019/514, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 89, 29.3.2019, bls. 1.

\* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.